


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Síða 1 af 2		
Áfangaheiti HTL503		
Námsáætlun Vor 2017		

Kennari	Helga Björg Jónasardóttir	HBJ	Viðtalstími Miðv. kl. 10:40-11:20
----------------	---------------------------	------------	-----------------------------------

Áfangalýsing:

Í áfanganum vinnur nemandinn með hugtökin rými, tvívídd, þrívídd, ljós, skuggi og myndbygging auk annarra hugtaka sem tengjast skúlptúrum og þrívíðum verkum. Leitast verður við að tengja aðferðir textíla og þrívíða vinnu og að nemendur skoði hvernig koma má tvívíðum skissum í þrívítt form. Unnið verður með ýmis efni s.s. gam, ullarflóka, vír, léreft, pappír o.fl. Nemandinn heldur utan um skissur, hugmyndir, prufur og þróunarvinnu sína og setur fram með skipulögðum hætti.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hinum ýmsu aðferðum, sérkennum og einkennum á þrívíðri vinnu og hugsun
- myndbyggingu og hvaða gildi/þýðingu hún hefur í þrívíðri hugsun/vinnu
- mismunandi textílláttum og textílefnum og möguleikum þeirra við gerð tvívíðra og þrívíðra verka
- samfélagslegu, menningarlegu og efnahagslegu gildi þrívíðrar textílvinnu
- þeim áhöldum, vinnutækjum og því vinnuumhverfi sem tengjast þrívíðri vinnu með ýmsum efnivið
- aðferða- og hugmyndafræði ýmissa listamanna og hönnuða sem vinna að þrívíðri listsköpun

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita skapandi aðferðum, tækni og verklagi til að koma tvívíðri hugmynd yfir í þrívítt sköpunar og/eða textílverk
- nota aðferðir textílvinnu og ýmsar gerðir efna við útfærslu ólíkra þrívíðra verka
- vinna frístandandi skúlptúr og beita mismunandi aðferðum, efnisnotkun og tækni
- vinna lágmynd á vegg með mismunandi aðferðum, efnisnotkun og tækni
- beita mismunandi aðferðum og tækni í tilraunum og skissugerð
- beita aðferðum rannóknarvinnu sem gagnast í hugmyndavinnu, framsetningu verkefna og skipulagningu á verkferli og útfærslu verka sinna


Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- miðla þekkingu á fagsviði sínu á fjölbreytilegan hátt: munnlega, skriflega, verklega og/eða með nýmiðlum
- sýna áræðni og frumkvæði við útfærslu í þrívíðri vinnu
- nýta sér sköpun, ímyndunarafli, innsæi og tilfinningar við þróun hugmynda, skissuvinnu og úrvinnslu
- greina, tjá sig um og meta eigin verk og annarra af nokkurri þekkingu, víðsýni og umburðarlyndi
- taka þátt í samvinnu með sameiginleg markmið hópsins að leiðarljósi
- skilja mikilvægi þrívíðrar hugsunar og hönnunar í samfélaginu, fagurfræðilegu gildi slíkrar menntunar og hagnýtingu hennar
- fjalla um og rökstyðja verk sín m.t.t. efnisnotkunar, tækni og framsetningar og setja það/þau í menningarlegt og samfélagslegt samhengi

Námsgögn:

Nemendur þurfa að hafa möppu til að halda utan um skissur, minnisþunkta, tilraunir, prufur og hugmyndavinnu. Auk þess ýmis verkfæri til skissuvinnu s.s. blýanta, penna, pensla, blek o.fl. Ef nemendur vilja nota sértækt efni við útfærslu verka sinna þurfa þeir að útvega það sjálfir. Myndavél er mjög gagnleg til skrásetningar tilrauna og nemendur skulu skila ljósmyndum af verkum sínum í lok annar. Ítarefni frá kennara s.s. ljósrit, listaverkabækur, -tímarit og ljósmyndir auk námsefnis á Moodle.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	Áfangaheiti HTL503	Námsáætlun Vor 2017

Áætlun um yfirferð og námsmat.

Áfanginn er próflaus símatsáfangi og því krafist 100% mætingar af nemendum. Áfanginn skiptist í 5 lotur, sjá viðfangsefni hér fyrir neðan. Kynningar á listamönnum, efnum og aðferðum fléttast inn í loturnar. Nemendur skulu skila ljósmyndum af verkum sínum, öllum skissum, minnispunktum, tilraunum, prufum og hugmyndavinnu í möppu. Athugið að hafa frágang vandaðan og að mappa sé aðgengileg.


Námsmat og vægi námsþátta:


Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta		Vægi
Lota 1 vika 1-5	Nemendur vinna með grunnform og yfirfærslu úr tvívíðu í þrívídd, gera ýmsar þrívíðar æfingar og skoða möguleika textílefna til þrívíðrar vinnu.		20%
Lota 2 vika 6-7	Nemendur vinna frístandandi skúlptúr		10%
Lota 3 vika 8-11	Nemendur gera ýmsar æfingar og tilraunir með efni og framsetningu, kynnst mótagerð og vinna með póstív og negatív mót. Kynnast nokkrum möguleikum fabláb-smíðju í þrívíðri vinnu.		20%
Lota 4 vika 12-13	Nemendur vinna lágmynd		10%
Lota 5 vika 14-18 (-15)	Nemendur vinna lokaverkefni úr áfanganum, byggt á viðfangsefnum og aðferðum áfangans.		20%
Kynning	Nemendur vinna rannsóknarverkefni um valinn listamann og undirbúa kynningu um hann fyrir samnemendur		10%
Ferilmappa	Meðfram vinnu sinni í áfanganum skulu nemendur halda utan um öll gögn og verkefni áfangans og skila í ferilmöppu		10%
	Samtals:		100%

Opið hús á listnámsbraut 4. maí - Skilaverkefni skulu sótt 18. maí kl 10-13 eða síðar en fyrir sumarfrí.

Með fyrirvara um breytingar.

Dagsetning: 9. jan 2017


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils